

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar, nr. 991/2020.

#### 1. gr.

Ný málsgrein bætist við II. lið 13. gr. samþykktarinnar, svohljóðandi:  
Fundargerðir bæjarstjórnar eru skráðar í tölvu, undirritaðar rafrænt og vistaðar í rafrænu skjalakerfi sveitarfélagsins.

#### 2. gr.

Ný málsgrein bætist við 34. gr. samþykktarinnar, svohljóðandi:  
Nefndir, ráð og stjórnir bæjarfélagsins skulu halda fundargerðir sem skráðar eru í tölvu, undirritaðar rafrænt og vistaðar í rafrænu skjalakerfi sveitarfélagsins.

#### 3. gr.

2. mgr. 59. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo:  
Eigi atkvæðagreiðsla að fara fram á fundi skal það tiltekið í fundarboði ásamt þeirri tillögu sem greiða á atkvæði um. Telji bæjarstjórn ástæðu til skal útbúa kjörskrá yfir þá sem kosningarrétt eiga í bæjarfélaginu samkvæmt reglugerð nr. 922/2023 um íbúakosningar sveitarfélaga og eru þá aðeins þeir sem eru á kjörskránni atkvæðisbærir á íbúafundi. Að öðrum kosti hafa atkvæðisrétt allir þeir sem til fundarins mæta. Um gerð kjörskrár og auglýsingu gilda ákvæði 3.-4. gr. reglugerðar nr. 922/2023 um íbúakosningar sveitarfélaga.

#### 4. gr.

60. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo:  
Bæjarstjórn getur ákveðið hvort fram skuli fara almenn atkvæðagreiðsla meðal íbúa bæjarfélagsins um einstök málefni þess. Til atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. skal boða með a.m.k. 20 daga fyrirvara með opinberri auglýsingu. Samhliða skal bæjarstjórn opinberlega kynna þá tillögu sem borin verður undir atkvæði og þær upplýsingar sem kjósendum eru nauðsynlegar til að geta tekið til hennar upplýsta afstöðu. Rétt til þátttöku í atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. eiga þeir sem kosningarrétt eiga í bæjarfélaginu samkvæmt 4. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Bæjarráð skal gera kjörskrá fyrir atkvæðagreiðsluna, sbr. 7. mgr. 28. gr. samþykktar þessarar. Um gerð hennar og auglýsingu gilda 3.-4. gr. reglugerðar nr. 922/2023 um íbúakosningar sveitarfélaga.  
Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg og atkvæðisréttur jafn. Atkvæðagreiðsla er ráðgefandi nema bæjarstjórn ákveði að hún skuli binda hendur hennar til loka kjörtímabils og skal slík binding þá koma fram í auglýsingu, sbr. 2. mgr. Slíka ákvörðun má binda skilyrði um að tiltekið hlutfall þeirra sem voru á kjörskrá hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslu.  
Við framkvæmd atkvæðagreiðslu samkvæmt þessari grein skal að öðru leyti farið eftir reglugerð nr. 922/2023 um íbúakosningar sveitarfélaga eftir því sem við á.

#### 5. gr.

61. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo:  
Ef þriðjungur af þeim sem kosningarrétt eiga í bæjarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga skal bæjarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst. Bæjarstjórn á ákvörðunarvald um framkvæmd kosningar og þá spurningu sem borin verður upp sé um að ræða almenna atkvæðagreiðslu meðal íbúa bæjarfélagsins. Um framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu meðal íbúa bæjarfélagsins ber að fara eftir ákvæði 107. gr. sveitarstjórnarlaga og reglugerð nr. 922/2023 um íbúakosningar sveitarfélaga.  
Almennrar atkvæðagreiðslu verður ekki krafist um efni fjárhagsáætlunar, um tekjustofna bæjarfélagsins eða álagningu annarra lögheimilaðra gjalda, um ráðningu í störf hjá bæjarfélaginu, um laun og önnur starfskjör bæjarfulltrúa eða starfsfólks bæjarfélagsins eða tillögu sem gengur gegn lögum eða myndi leiða til þess að lagaskyldu yrði ekki fullnægt af hálfu bæjarfélagsins. Við mat á því hvort

Nr. 778

18. júní 2024

tilskilinn fjöldi hafi lagt fram ósk skv. 1. mgr. skal miðað við þá einstaklinga sem uppfylla skilyrði 4. gr. kosningalaga nr. 112/2021 á þeim degi sem söfnun undirskrifta og/eða staðfestinga lýkur samkvæmt kjörskrárstofni sem Þjóðskrá Íslands lætur bæjarfélaginu í té.

6. gr.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Vestmannaeyjabæjar hefur sett skv. 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 18. júní 2024.*

F. h. r.

**Guðni Geir Einarsson.**

Ólöf Sunna Jónsdóttir.

—————  
B-deild – Útgáfudagur: 2. júlí 2024